



Erindisbréf fyrir Félags-, æskulýðs- og jafnréttisnefnd

Félags-, æskulýðs- og jafnréttisnefnd Kjosarhrepps er skipuð af sveitarstjórn Kjosarhrepps og í henni skulu sitja þrjú fulltrúar og jafn margir til vara. Kjörtímabil fulltrúa miðast við kosningar til sveitarstjórnar. Á fyrsta fundi fer fram kjör formanns, varaformanns og ritara.

Formaður boðar fundi með dagskrá. Nefndin heldur fundi þegar verkefni liggja fyrir. Allar tillögur sem fram eru bornar skulu skráðar svo og samþykktir og ályktanir. Fundargerð nefndarinnar er færð í tölvu. Skrá skal í gerðabók númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðarbók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Skulu allir viðstaddir undirrita útprentaða fundargerðina, sem fara skal til varðveislu í sérstakri möppu. Skal fundargerðin birt á heimasíðu Kjosarhrepps innan 5 daga.

Nefndarmaður hefur ekki atkvæðisrétt um mál sem varða hann sjálfan eða náð skyldmenni hans og skal hann í slíkum tilfellum víkja af fundi. Þeir sem sitja fundi nefndarinnar skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál er rædd kunna að vera á fundum. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann láta formann vita um forföll með góðum fyrirvara og formaður boðar þá fyrsta varamann.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna skuli fyrst og fremst verða samkvæmt lögum og í þágu allra íbúa sveitarfélagsins sem leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa.

Hlutverk nefndarinnar:

Nefndin skal sjá til þess að lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 sé framfylgt í hreppnum, einnig með jafnréttismál samkvæmt lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla nr.10/2008, málefni samkvæmt áfengislögum nr. 75/1998, umsjón með málefnum fatlaðra nr.59/1992, aldraðra nr.125/1999 og lýðheilsu.

Félagsmál

Tryggja fjárhags- og félagslegt öryggi íbúanna og stuðla að velferð þeirra á grundvelli samhjálpar og þá er verið að tala um:

- Stuðla að bættum lífskjörum þeirra sem standa höllum fæti
- Tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði barna- og ungmenna
- Gera íbúum kleyft að búa sem lengst í heimahúsum, stunda vinnu og lífa sem eðlilegustu lífi
- Grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagslegt vandamál
- Hvatning til einstaklinga til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum, virða sjálfsákvörðunarrétt og styðja hann til sjálfshjálpar
- Yfirfara samþykktir og gera tillögur til hreppsnefndar.
- Endurskoðun samningana við Mosfellsbæ, annars vegar vegna barnaverndarmála og hins vegar félagsþjónustu



- Fjalla um þau mál er sveitarstjórn felur nefndinni hverju sinni
- Heimgreiðslur foreldra ungbarna, ferðastyrkir, frístundastyrkir og fl.

Æskulýðsmál

- Styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi
- Styðja við og hafa frumkvæði að hvers konar æskulýðsstarfi í Kjósarhreppi
- Fylgja eftir Æskulýðslögum, nr. 70/2007

Jafnréttismál Lög um Jafnréttisnefndir

Í 10.gr. jafnréttislaga er kveðið á um að sveitarstjórnir skulu skipa 3-5 manna jafnréttisnefnd sem á að vinna samkvæmt jafnréttislögunum. Félags- æskulýðs- og jafnréttisnefnd Kjósarhrepps fer með jafnréttismál sveitafélagsins. Hún á að hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlunar fyrir sveitarstjórnina til fjögurra ára en hana á að leggja fram ekki síðar en ári eftir kosningar.

- Gera tillögu að jafnréttisstefnu fyrir Kjósarhrepp til næstu fjögurra ár

Lýðheilsa

Stuðla að heilsueflandi samfélagi með heilsu og þar sem líðan íbúa sé höfð í fyrirrúmi við alla stefnumótun og jafnframt stefnt að jöfnum tækifærum.

Áhersla verði lögð á að bæta manngert og félagslegt umhverfi, efla heilsu, líðan og lífsgæði og gera öllum kleift að velja heilsusamlega lífnaðarhætti. Með það að markmiði að heilsueflandi samfélag styðji við þroska og velferð ungbarna/barna sem og annarra aldurshópa.

Gildistaka

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnalaga nr.138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum. Erindisbréf þetta var samþykkt í hrreppsnefnd Kjósarhrepps þann 4. september 2018 og tekur þegar gildi.